



## Nýjar og gallaðar reglur um uppgjör lífeyrissjóða

Gunnar Baldvinsson  
forstöðumaður eignastýringastofu VÍB

Bankaeftirlitið samþykkti á haustdögum 1997 nýjar reglur um uppgjör og upplýsingaskylda lífeyrissjóða. Reglur af þessu tagi eru af hinu góða enda eru lífeyrissjóðirnir stærstu fjárfestarnir á íslenskum fjármálamarkaði. Í árslok 1997 er áætlað að eignir þeirra hafi verið um 340 ma.kr. eða um 65% af landsframleiðslu. Sjóðirnir byggja á skylduáðild og er algengt að við starfslok séu réttindi í lífeyrissjóði meðal verðmætustu eigna fólks. Það er því bráðnauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir birti greinargóðar upplýsingar um rekstur og afkomu svo og eignirnar sem standa að baki réttindum sjóðfélaga.

Í nýju reglunum eru mörg atriði sem eru til bóta en það má einnig gera nokkrar alvarlegar athugasemdir við þær. Svo virðist sem ýmis atriði í hinum nýju reglum hafi í för með sér misvísandi eða jafnvel rangar upplýsingar fyrir sjóðfélaga sem hlýtur að vera forráðamönnum lífeyrissjóðanna áhyggjuefni. Lítum á nokkur atriði í hinum nýju reglum.

### Markaðsverð eða kaupverð?

Í árslok 1996 voru tæplega 90% af eignum lífeyrissjóða innlend skuldabréf, en þar af var vægi svokallaðra markaðsskuldabréfa um 50%. Í reglum bankaeftirlitsins er gert ráð fyrir að skuldabréfin séu metin til eignar á framreiknuðu kaupverði eða að verð

þeirra sé reiknað miðað við upphaflega kaupkröfu. Í sömu reglum er hins vegar gert ráð fyrir því að hlutabréf og hlutdeildarskírteini séu metin til eignar á markaðsverði. Hvað veldur þessum mismunandi matsaðferðum?

Sá sem þetta skrifar telur að það væri farsælast fyrir lífeyrissjóði og sjóðfélaga þeirra að allar eignir væru metnar m.v. markaðsverð. Með því fæst fram hinn eini raunverulegi mælikvarði á ávöxtun. Ef skuldabréf eru ekki metin á markaðsverði er ávöxtun þeirra óháð þróun markaðsvaxta og raunverulegu verðmæti skuldabréfanna. Af þeim sökum er ekki hægt að meta árangur við ávöxtun lífeyrissjóðs og ekki heldur samspil ávöxtunar og áhættu.

Á Íslandi hafa vextir farið lækkanði alveg frá 1990 sem þýðir að flestir lífeyrissjóðir eiga óinnleystan gengishagnað af skuldabréfum. Ef skuldabréfin eru metin til eignar á kaupverði geta sjóðirnir haft áhrif á ávöxtunina með því að innleysa gengishagnað eftir þörfum. Þetta er t.d. hægt að gera með því að selja hluta skuldabréfanna og jafnvel kaupa þau strax aftur.

Það er bót í máli að í nýju reglunum er gert ráð fyrir að sjóðirnir birti markaðsverð skuldabréfa í athugasemdum ársreiknings. Vegna þess er hægt að reikna raunávöxtun sjóðanna m.v. markaðsverð og vil ég hvetja til þess að það verði gert og að ávöxtunin verði birt með öðrum kennitölum.

Sú aðferð að meta skuldabréf til eignar m.v. kaupverð getur líka í sumum tilvikum leitt til rangrar ákvarðanatöku. Framkvæmdastjóri eða sjóðstjóri lífeyrissjóðs sem þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif þróun markaðsvaxta hefur á verðmæti skuldabréfanna býr ekki við sama aðhald

*Svo virðist sem ýmis atriði í hinum nýju reglum hafi í för með sér visvísandi eða jafnvel rangar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem hlýtur að vera forráðamönnum lífeyrissjóðanna áhyggjuefni*

### Efni blaðsins:

Nýjar og gallaðar reglur um uppgjör lífeyrissjóða - **1**

Löggiltir endurskoðendur - deyjandi stétt? - **3**

Skattadagur FLE - **6**

Opið málþing FLE og LMFÍ - **7**

Gjaldfærsla aflaðheimilda í reikningsskilum - **9**

Markaðsverð hlutabréfa í reikningsskilum - **10**

Endurskoðendur og árið 2000 - **11**

Upplýsingaskylda endurskoðenda - **11**

Nýir félagar 1996 og 1997 - **15**

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra - **16**



## Dagbókin

### Mars

- Hádegisverðarfundur
- Síðasti skiladagur skattframtala einstaklinga\*

\* (Birt með fyrirvara um breytingar frá RSK)

### Apríl

- Hádegisverðarfundur

### Mái

- Hádegisverðarfundur
- Síðasti skiladagur skattframtala einstaklinga með rekstur\*
- Síðasti skiladagur skattframtala einstaklinga með rekstur (á tölvutæku formi\*)

\* (Birt með fyrirvara um breytingar frá RSK)

### Júní

- Hádegisverðarfundur
- Skiladagur skattframtala lögaðila\*

\* (Birt með fyrirvara um breytingar frá RSK)

### September

- Hádegisverðarfundur
- 18.-19. Endurskoðunardagar

### Október

- Hádegisverðarfundur

### Nóvember

- Hádegisverðarfundur
- 13.-14. Haustráðstefna FLE
- Félagsfundur/aðalfundur FLE
- Árshátíð FLE

### Desember

- Hádegisverðarfundur

og sjóðstjóri verðbréfasafns sem verður stöðugt að velta fyrir sér áhrifum vaxtabreytinga á ávöxtun. Sjóðstjóri lífeyrissjóðs sem kaupir löng skuldabréf þegar vextir fara hækkandi er beinlínis að gera slæm kaup en það kemur ekki að sök því miðað er við kaupkröfu skuldabréfanna við uppgjör.

### Ávöxtun án áhættu?

Í reglum um uppgjör lífeyrissjóða er vandlega skilgreint hvernig skal reikna ávöxtun sjóðanna. Farið er fram á að lífeyrissjóðirnir reikni raunávöxtun fyrir og eftir kostnað og fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar. Því ber að fagna að sjóðirnir birti ávöxtunartölur en hins vegar er engin tilraun gerð til þess að meta áhættu verðbréfasafna þeirra.

Ávöxtun á verðbréfamarkaði er tvívítt verkefni. Eðli verðbréfa er að verð þeirra sveiflast en til lengri tíma hækka verðbréfin að jafnaði í verði. Verðbreytingar eru mismunandi miklar eftir verðbréfaflokkum en almennt má segja að því meiri sem sveiflurnar eru því hærra verður ávöxtunin. Þeir sjóðir sem gefa hæstu ávöxtun eru ekki endilega þeir bestu því þeim fylgir venjulega meiri áhætta. Fjárfestar verða því að huga vandlega að eignasamsetningu verðbréfasafna og gæta þess að raða saman verðbréfum sem gefa hæsta ávöxtun m.t.t. áhættu. Það hefur sýnt sig að sú aðferð að velja alltaf þau verðbréf sem talin eru gefa hæstu ávöxtun hverju sinni er ekki skynsamleg ef áhætta er á annað borð talin óæskileg. Með þessari aðferð missa fjárfestar af tækifæri til áhættustýringar.

Áhætta í verðbréfavíðskiptum er aðallega skilgreind sem taps- og gengisáhætta. Með tapsáhættu er átt við líkur á að krafa tapist en með gengisáhættu er átt við sveiflur í ávöxtun. Matseinkun útgefanda er mælikvarði á tapsáhættu en því miður hafa fáir útgefendur verðbréfa aflað sér slíkrar einkunnar hér á landi enn sem komið er. Til þess að meta tapsáhættu ætti að fara fram á að lífeyrissjóðir sundirliði verðbréfaeign sína með öðrum kennitölum og birti matseinkunn útgefenda verðbréfa þar sem hún er til staðar. Það hvetur aðra útgefendur til

þess að afla sér slíkrar einkunnar. Annars segir sundurliðun verðbréfaeignar mikið um tapsáhættu viðkomandi sjóðs. Hvert er til dæmis hlutfall ríkisskuldabréfa af skuldabréfaeign lífeyrissjóðs? Hvað á sjóðurinn mikið af hlutabréfum? Hvernig skiptast hlutabréfin á milli atvinnugreina? Í hvernig erlendum verðbréfum hefur sjóðurinn fjárfest o.s.frv.

Það er einkum gengisáhættan sem horft er til við áhættustýringu verðbréfasafna. Sýnt hefur verið fram á að með því að velja saman verðbréf með mismunandi gengisáhættu og fylgni ávöxtunar er hægt að auka ávöxtun án þess að auka áhættu í verðbréfasöfnum. Algengasti mælikvarðinn á gengisáhættu er staðalfrávik meðalávöxtunar en vandamálið við þá kennitölu er að hér á landi eru ekki til nógu mikil gögn til að reikna hana fyrir alla verðbréfaflokka. Staðalfrávikid er þó hægt að reikna fyrir skráð markaðsverðbréf en vægi þeirra í verðbréfasöfnum er sífellt að aukast. Til viðbótar við staðalfrávikid gætu lífeyrissjóðirnir reiknað meðaltíma skuldabréfa og þannig áætlað næmni þeirra við vaxtabreytingum.

### Fjárfestingargjöld eða rekstrarkostnaður?

Samkvæmt nýju reglunum skulu lífeyrissjóðir skipta kostnaði við rekstur sjóðsins í fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað. Hugmyndin er að skipta kostnaði þannig að kostnaður við ávöxtun fjármuna færist sem fjárfestingargjöld en annar kostnaður sem rekstrarkostnaður.

Fljótt á lítið virðist hér vera ferðinni góð hugmynd og til þess fallin að skýra fyrir sjóðfélögum og öðrum hvernig kostnaður myndast. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að fjárfestingargjöld eru ekki talin með í kostnaðarhlutföllum heldur eru fjárfestingargjöldin dregin frá raunávöxtun. Þetta leiðir til þess að kostnaðarhlutföll lækka og endurspegla ekki lengur raunverulegan kostnað sjóðanna. Auk þess er ekki auðvelt að skipta kostnaðinum á milli fjárfestingargjalda og annars rekstrarkostnaðar. Þess vegna býður þessi kostnaðarskiptingar aðferð heim þeirri

## Löggiltir endurskoðendur - deyjandi stétt?



Símon A. Gunnarsson,  
löggiltur endurskoðandi

Nú er sá árstími sem flestir starfandi endurskoðendur gera dauðaleit að fleiri klukkustundum í sólarhringnum, fleiri dögum í vikunni og fleiri vikum í mánuðinum. Enn ein vertíðin skollin á. Við þessar aðstæður er hollt að staldra við og reyna að skoða hlutina í aðeins víðara samhengi heldur en okkur er tamt í erli dagsins. Það sem veldur mér hugarangri þessa dagana, fyrir utan of mikið vinnuálag, er framtíð stéttarinnar og kannski um leið ímynd löggiltra endurskoðenda hjá ungu fólki í þjóðfélaginu.

### Endurskoðunarnemar

Þau okkar sem hafa verið að ráða fólk til starfa á undanförunum misserum hafa orðið vör við að sífellt erfiðara verður að fá frambærilegt fólk til starfa inn á stofurnar. Um leið og nýlega tilkominn uppgangur í þjóðfélaginu fór að hafa áhrif á starfsemi endurskoðunarstofa þannig að fleira fólk vantaði til starfa, virðist framboð þeirra sem hug hafa á því að gera endurskoðunina að ævistarfi hafa minnkað. Er nú svo komið að þeir stúdentar sem ekki hafa lokið námi sínu í Viðskipta- og hagfræðideild geta flestir fengið vinnu með námi ef þeir kæra sig um og virðist sú uppspretta jafnvel vera á þrotum.

Ég hef fengið upplýsingar frá Viðskipta- og hagfræðideild sem sýna þróun undanfarinna ára í fjölda þeirra sem útskrifast árlega af endurskoðunarsviði deildarinnar. Fjöldinn frá 1990 hefur verið þessi:

Fjöldi	Ár
1990	31
1991	46
1992	52
1993	39
1994	48
1995	39
1996	28
1997	32

Eins og taflan sýnir hefur á síðustu tveimur árum orðið um 40% fækkun útskrifaðra nemenda frá því að þeir voru flestir 1991-1992. Samkvæmt nýjustu fréttum stefnir allt í það að fækkun útskrifaðra nemenda haldi áfram og ekki á minni hraða en áður, því innan við tuttugu nemendur munu nú stunda nám á endurskoðunarkjörsviði. Nú væri freistandi fyrir mig að álykta að fækkunin væri bein afleiðing af því að ég sjálfur hætti kennslu á endurskoðunarkjörsviðinu árið 1991, en því miður held ég að það hafi ekkert með málið að gera. Ég ætla hins vegar að nefna örfá atriði sem ég held að hafi hér áhrif.

### Starfsaðstæður og kjör endurskoðenda

Þegar stúdentar velja sér námsgrein og kjörsvið í Háskóla Íslands er ljóst að þeir horfa til þeirrar framtíðar sem bíður eftir að námi er lokið. Hvernig er sú mynd sem blasir við þeim sem velja endurskoðunina? Hér áður fyrr mátti segja að þú gætir treyst á nokkuð bjarta framtíð með réttindi sem löggiltur endurskoðandi. Að vísu fylgdi starfinu mikil vinna, en í þá daga urðu allir hvort sem er að vinna mikið ef ná ætti árangri í lífinu. Vinnan göfgar manninn, og allt

*Samkvæmt nýjustu fréttum stefnir allt í það að fækkun útskrifaðra nemenda haldi áfram og ekki á minni hraða en áður*



*Oftar en ekki fylgir hins vegar nýja starfinu vinnutími og vinnuálag sem er skaplegra miðað við þarfir fólks og gildismat nú á tímum*

það. Ég held að sú framtíðarsýn sem blasir við ungu fólki í dag sé allt önnur.

Þeir sem hafa það af að klára árin fjögur í Háskólanum reyna flestir að komast inn á „stærri stofunarnar“ því reynslan sýnir að nemar þaðan eiga mestu möguleikana á að komast í gegnum löggildingarprófin. Þeir þurfa að setta sig við laun sem eru einhverjum tugum prósentu lægri en þeir gætu sennilega fengið í annars konar störfum á „frjálsa markaðinum“.

Nemarnir geta hins vegar lagað tekjurnar eilítið með mikilli vinnu, a.m.k fyrir helming ársins. Gallinn er bara sá að óhóflegt vinnuálag er dottið úr tísku. Gildismat ungs fólks er allt annað nú en það var áður og fólk gerir sífellt meiri kröfur til frítíma. Lokafrestir skattstjóra eða ákvarðanir fyrirtækja um dagsetningar aðalfunda breyta þar engu um.

Réttlættingin fyrir því að leggja á sig mikið vinnuálag og lág laun hlýtur að vera sú að framtíðin beri eitthvað bjartara og skemmtilegra í skauti sér. Lengi vel gerði hún það þegar menn gengu nokkurn veginn að vísri eignaraðild á stofunum og þar með þokkalegum kjörum en því miður ekki endilega minna vinnuálagi. Á seinni árum hefur ekki verið á vísan að róa í þessum efnum, þar sem landslagið hefur breyst á markaðnum og færri tækifæri til að gerast eignaraðili að bitastæðum rekstri í endurskoðun.

Hvernig er þá sú mynd sem blasir við ungstúdentinum sem er að velta fyrir sér endurskoðuninni sem ævistarfi? Í mínum huga er hún í stuttu máli þessi: Þú verður að leggja á þig vinnuálag sem er umfram það sem fylgir flestum öðrum störfum sem þú ættir kost á. Þú þarft að vinna á lægri launum eftir háskólanámið heldur en þú gætir fengið á allflestum öðrum stöðum. Ef þú þraukar þrjú árin sem þú verður að klára til að mega fara í löggildingarpróf, verður þú þess heiðurs aðnjótandi að þreyta þau próf þar sem fallprósenta er með því hæsta sem þekkest í þjóðfélaginu (og á að vera það til að halda uppi standard). Í einhvers konar meðaltölum þýðir þetta að þeir sem fá löggildinguna eru komnir undir þrítugt eða rúmlega það, þegar þessi langþráðu réttindi eru loksins í höfn. Og

tekur þá ekki alsælan við? Því miður gerir hún það í flestum tilfellum ekki. Framundan er baráttan við að verða fullgildur löggiltur, þ.e. baráttan við að verða „partner“. Framundan er þá „reynslutíminn“ þegar hinir eldri leggja frammistöðu hinna yngri á vogarskálarnar og fella dóma sína um það hvertjir eru hæfir og hvertjir ekki. Þessi tími getur orðið ansi langur og lýjandi og þess vegna brestur marga þol og þeir gefast upp á faginu á þessum tíma.

Hver er þá staða þessa fólks? Sem betur fer hefur markaðurinn skilning á gildi þeirrar menntunar sem löggiltur endurskoðandi hefur aflað sér og þeir sem kjósa sér annan starfsvettvang eru yfirleitt eftirsóttir til starfa. Án þess að vísindaleg rannsókn liggi að baki, sýnist mér að þetta fólk geti yfirleitt gengið að sambærilegum tekjum og kjörum og það hafði áður við endurskoðunarstörf, ef ekki betri. Oftar en ekki fylgir hins vegar nýja starfinu vinnutími og vinnuálag sem er skaplegra miðað við þarfir fólks og gildismat nú á tímum. Við þessar aðstæður hlýtur fólk að spyrja til hvers var barist öll þessi ár ef niðurstaðan er starf sem jafnvel hefði getað verið í boði fyrir á starfsferlinum og með betri kjörum en endurskoðandinn hefur þurft að setta sig við á lærdómstíma sínum.

Annað veigamikilið atriði held ég að sé uppbygging endurskoðunarnámsins, eða öllu heldur breytingar sem hafa orðið á öðrum valkostum í viðskiptafræðinámi. Áður fyrr voru allir viðskiptafræðingar búnir að ljúka fjögurra ára námi og endurskoðunarkjörsviðið var eitt af allmörgum kjörsviðum. Nú hefur sú breyting hins vegar orðið að boðið er upp á þriggja ára BS nám sem leiðir nokkuð sjálfkrafa til framhaldsnáms sem hægt er að stunda að hluta til hér á landi. Við þessar aðstæður verður endurskoðunarkjörsviðið minna aðlaðandi og á þar af leiðandi undir högg að sækja. Hversu mikil áhrif þessi breyting hefur haft nú þegar verður hins vegar ósagt látið.



## Pörfin fyrir endurnýjun

Í FLE eru nú 220 félagsmenn og þessa dagana eru 6 einstaklingar að fá löggildingu og bætast vonandi í hóp félagsmanna. Samantekt á löggildingarárum þessara endurskoðanda leiðir eftirfarandi í ljós:

Löggildingarár	Fjöldi
1960 og fyrr	11
1961 - 1970	28
1971 - 1980	58
1981 - 1990	75
1991 - 1998	54

Af þessum hópi eru tæplega fimmtíu sem eru hættir störfum, vinna við önnur störf en endurskoðun eða endurskoðunarstörf hjá opinberum aðilum. Þarf af leiðandi eru u.þ.b. 175 til 180 löggiltir endurskoðendur sem eru starfandi „í faginu“. Þeim sem kjósa sér annan starfsvettvang hefur farið fjölgandi á undanförunum árum og e.t.v. stefnum við að sama marki og Bandaríkjamenn á þessu sviði en þar er nú svo komið að 60% félaga í AICPA eru í þeim hópi sem ekki stundar „Public Accounting“

Ef gert er ráð fyrir því að meðalaldur endurskoðenda við löggildingu sé um þrítugt, má reikna með að starfsævin eftir það verði 30 til 35 ár. Ef gengið er út frá að núverandi fjöldi þeirra sem er „í faginu“ sé hóflegur miðað við markaðinn í dag, þýðir það að til að viðhalda „stofninum“ þarf að útskrifa 5 til 6 endurskoðendur árlega. Ef horft er á vöxt í þjóðfélaginu og gert ráð fyrir því að okkar stétt þurfi að stækka með sambærilegum hætti og aukning þjóðarframleiðslu (einföldunarforsenda, en ekki endilega fráleit), þýðir það til viðbótar 3 til 4 löggilta endurskoðendur á ári. Í heildina þyrfti því að bæta við 8 til 10 nýjum löggiltum endurskoðendum árlega ef forsendur mínar eru réttar.

Þegar horft er til þessa áratugar, hafa sem fyrr segir 54 lokið löggildarprófum. Samkvæmt lauslegri könnun minni hafa 15 þeirra horfið til annarra starfa. Í því felst að 39 hafa komið inn í „stofninn“ á þessum árum eða tæplega 5 á hverju ári að meðaltali. Þannig hefur „stofninn“

ekki viðhaldið sér miðað við fyrrgreindar forsendur. Í þessu samhengi þarf til viðbótar að gæta að tvennu: Talsvert fleiri luku löggildingu á árunum 1991 til 1994 (33) heldur en seinni árin fjögur á þessum áratug (21). Þrátt fyrir það verður að reikna með að þeirrar fækkunar sem orðið hefur á útskrifuðum nemendum af endurskoðunarkjörsviðinu í Háskólanum sé ekki farið að gæta ennþá í fjölda þeirra sem ljúka löggildingu.

## Niðurlag

Ef framhaldið verður á svipuðum nótum verður heiti þessa greinarkorns e.t.v. raunhæft. Þessum orðum fylgja því miður ekki neinar skyndilausnir á því sem kalla má framtíðar tilvistarkreppu endurskoðenda. Þau eru hins vegar sett á blað til að vekja til umhugsunar og vekja umræðu um þær aðgerðir sem grípa þarf til á næstu árum.

Ég tel að nauðsynlegt sé að skoða alla fleti þessa máls og við sem stétt þurfum að huga að t.d. eftirfarandi atriðum:

- Bóklegum hluta endurskoðunarnámsins
- Kjaramálum endurskoðunarnema
- Starfsumhverfi og vinnuálagi
- Rekstrarumhverfi endurskoðunarstofa.

## Ráðstefnur erlendis

### The 2nd Internatioal Accounting Standards Conference

10.-11. mars 1998  
Brussel, Belgíu

### Fr@ud 3

The 3rd International Financial Fraud Convention  
24.-26. mars 1998  
London, England

### International Accounting Standards Seminar

7.-8. maí 1998  
Washington DC, USA

### How the SEC Works

A Practical Guide to the Filing and Enforcement Process of the SEC

11. maí 1998 eða 8. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### SEC Requirements for Non-US Companies

12. maí 1998 eða 9. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### US GAAP Compared to UK and International

GAAP - What the SEC Expects to See  
13. maí 1998 eða 10. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### A Guide to the SEC's form 10-K, 10-Q and Related Reporting Requirements

14. maí 1998 eða 11. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### International Accounting Standards

18.-19. maí 1998, London, England  
15.-16. júní 1998, Zürich, Sviss  
13.-14. júlí 1998, Prag, Tékkland.



## Skattadagur FLE



Björg Sigurðardóttir,  
löggiltur endurskoðandi

Ráðstefnan um skattamál hófst með því að Þorvarður Gunnarsson, formaður FLE, setti ráðstefnuna en Margrét Flovenz tók síðan við fundarstjórninni.

Ívar Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, fjallaði um helstu breytingar á lögum um tekju- og eignaskatt og aðrar breytingar á skattalögum á árinu 1997. Má þar sérstaklega nefna reglur um kaup á aflahlutdeild og öðrum réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, en þau skulu nú eignfærð sérstaklega og verður meginreglan sú að óheimilt er að fyrna keypta aflahlutdeild.

Guðrún W. Jensdóttir, deildarstjóri alþjóðasviðs RSK, fjallaði næst um skattlagningu erlendra fyrirtækja sem reka starfsemi hér á landi og bera takmarkaða skattskyldu skv. 3.gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignaskatt. Ennfremur fjallaði hún um áhrif tvísköttunarsamninga á skattlagninguna. Í fróðlegu erindi sínu kom hún meðal annars inn á það að það skiptir máli hvort erlendir aðilar sem reka starfsemi hér á landi hafi hér fasta starfsstöð eða ekki. Sé um fasta starfsstöð að ræða sem nánar er skilgreind þá leyfist frádráttur frá tekjum skv. 31.gr. skattalaganna, skatthlutfallið er 33% eða 41% og tekjurnar eru ekki

staðgreiðsluskyldar. Sé ekki um fasta starfsstöð að ræða þá er tekjuskattshlutfallið 20% og tekjurnar eru staðgreiðsluskyldar. Sé um tvísköttunarsamninga að ræða þá er meginregla þeirra sú að hagnað af atvinnurekstri skuli einungis skattleggja í heimilisfestisríki, nema fyrirtæki hafi með höndum atvinnurekstur í upprunaríki út frá fastri starfsstöð. Guðrún fjallaði ennfremur um þóknanir, ágóðahluti, vexti og söluhagnað erlendra aðila og hvernig og hvar tekjufæra skuli þessa liði og áhrif tvísköttunarsamninga á þá.

Friðgeir Sigurðsson, deildarstjóri lögfræðisviðs tekjuskattsskrifstofu RSK, og Ingibjörg Ingvadóttir, deildarstjóri þjónustusviðs virðisaukaskattsskrifstofu RSK, fjölluðu næst um bifreiðar í atvinnurekstri. Friðgeir fjallaði um lagaákvæði beinna skatta. Fjallaði hann m.a. um bifreiðar sem seldar eru starfsmönnum á óeðlilega lágu verði og um bifreiðahlunninndi og þá sérstaklega hvenær væri um takmörkuð afnot að ræða og hvenær ekki. Ingibjörg fjallaði um vsk af ökutækjum og rekstri þeirra, þ.e. hvenær frádráttarheimildin er til staðar og reglur um útskatt á sölu bifreiða.

Skattadagurinn var vel sóttur að þessu sinni. 117 endurskoðendur mættu til ráðstefnunnar.

*Sé um tvísköttunarsamninga að ræða þá er meginregla þeirra sú að hagnað af atvinnurekstri skuli einungis skattleggja í heimilisfestisríki, nema fyrirtæki hafi með höndum atvinnurekstur í upprunaríki út frá fastri starfsstöð*

## Opið málþing FLE og LMFÍ



Þann 16. janúar síðastliðinn stóðu Félag löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélag Íslands fyrir opnu málþingi um skattamál. Yfirskrift þingsins var „Gjaldið keisaranum það sem keisarans er.“, málþing um skattborgarann og skattkerfið. Mjög fjölmennt var á þinginu eða u.þ.b. 220 manns.

Tildrög málþingsins voru þau að skattamál höfðu verið ofarlega á baugi í almennri umræðu og í fjölmiðlum landsins. Tilefnið var m.a. nýlegir dómur Hæstaréttar Íslands á þessu réttarsviði, sem vöktu mikla athygli og leiddu til umræðu meðal almennings, lögmanna og löggiltra endurskoðenda. Þá vakti einnig verulega athygli hugmynd Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, um stofnun sérstaks embættis umboðsmanns skattborgaranna og í framhaldi af því umræður í fjölmiðlum um starfsaðferðir skattyfirvalda. Umræðan snérist m.a. um skattalöggjöfina, álagningu skatta, starfsaðferðir skattyfirvalda, lausn ágreiningsmála fyrir stjórnvöldum og dómstólum og refsingar fyrir skattalagabrot.

Davíð Oddsson, forsætisráðherra ávarpaði málþingið í upphafi þess. Hann sagði m.a. að þrátt fyrir að komið yrði á fót umboðsmanni skattborgara myndi slík embætti þó ekki leysa allan vanda, en vera þó til þess fallið að bæta að nokkru réttarstöðu borgaranna. „Löggjöf sem að þessum málum snýr, þarf athugunar við sem og stjórn- og dómsýslan.“ Davíð undraðist einnig mjög að lesa í blaði að sjálfur ríkisskattstjóri skyldi ekki hafa minnstu upplýsingar um að nokkru sinni hefði nokkuð ámælisvert gerst í störfum skattyfirvalda.

Kristinn Bjarnason, héraðsdómslögmaður, fjallaði m.a. um lagasetningu á sviði skattamála og

spurninguna um það hvort löggjafarvaldið dragi taum framkvæmdavaldsins við lagasetningu á sviði skattaréttar. Einnig kom Kristinn inn á refsiheildir í skattalögum og taldi að refsiaðkvæði væru allt of ströng. Reyndar mætti halda fram að ströng refsiaðbyrgð væri líkleg til að hveja menn til að greiða skatt, en hins vegar væri oft og tíðum ekkert samhengi milli sektar og skattskuldar.



Davíð Oddsson, forsætisráðherra setti málþingið.

Kristján Gunnar Valdimarsson, skrifstofustjóri eftirlitsskrifstofu Skattstjórnans í Reykjavík, fjallaði um skattaframkvæmd frá sjónarhóli framkvæmdavaldsins. Kristján Gunnar sagði m.a. „Órökstudd gagnrýni er mjög slæm, m.a. vegna þess að skatturinn getur ekki svarað fyrir sig. Í réttarríki eins og við teljum okkur búa í hljótum við að geta treyst því að slíkt eftirlit (frá dómstólum eða umboðsmanni Alþingis) sé nægilegt aðhald fyrir skattyfirvöld.“ Hann sagði að almennt væri umræða um skattyfirvöld fremur neikvæð í íslenskum fjölmiðlum. Endurskoðendur virtust gagnrýna mjög niðurstöðu dómstóla í skattamálum. Oft væri hér um að ræða



vanda ráðgjafa, sem þyrftu að uppfylla óskir atvinnurekenda, sem vildu borga sem lægsta skatta. Fyrir þá væri oft auðveldara að kenna yfirvaldinu um í stað þess að horfa í eigin barm þegar skattstjóri gerði athugasemdir við framtöl, sem þeir hefðu unnið. Ef yfirskattanevnd legðist gegn þeim væri viðkvæðið að hún væri hlutdræg og heyrði undir fjármálaráðherra og snérist dómstólar gegn þeim væru þeir einfaldlega ekki búnir nægilegri þekkingu á umræddum málum.

Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, fjallaði um framkvæmd og eftirlit með skattalögum og velti fyrir sér hvort jafnræði væri með gjaldendum og gjaldkrefjendum. Hann sagði að ýmislegt hefði gerst í lagasetningu og framkvæmd skattamála að undanförunu, sem drægi úr öryggi skattheimtunnar og græfi undan rétti skattborgaranna gagnvart skattheimtnunni. Veigamestu breytingarnar hefðu verið að stofnuð hefði verið yfirskattanevnd í stað ríkisskattanevndar, skattrannsóknarstjóraembættið hefði verið aðgreint frá ríkisskattstjóra og refsíákvæðum skattalaga breytt með



Fyrirlesarar á málþinginu: (f.v.) Kristinn Bjarnason, Árni Tómasson, Ólafur Nilsson, Jón Steinar Gunnlaugsson, Kristján Gunnar Valdimarsson.

þyngingu refsinga. Sem dæmi um ójafnræði milli gjaldenda og gjaldkrefjenda nefndi Ólafur að skattaðili hefði 30 daga til að kæra eftir að álagning lægi fyrir, en skattstjóri 60 daga til að kveða upp úrskurð. Enn fremur nefndi Ólafur að skattgreiðendur yrðu að greiða viðurlög og dráttarvexti af vangreiddum sköttum, en þegar í ljós kæmi að álagning skattstjóra væri

rakalaus og felld niður fengu þeir ekki dráttarvexti af ofteknum sköttum, heldur vexti sem ættu að vera jafnháir og hæstu vextir af óbundnum sparireikningum. Síðan sagði Ólafur. „Það á skilyrðislaust að auka ábyrgð skattyfirvalda á oft tilviljanakenndum breytingum á skattframtölum og gera þeim að greiða viðurlög og dráttarvexti af ólögumætri álagningu. Með því væri þeim veitt nokkurð aðhald, sem leiða ætti til vandaðri vinnubragða.“

Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, fjallaði um yfirskattanevnd og gagnrýndi störf hennar harðlega. Auk þess að fjalla um skipan og starfsvið yfirskattanevndar, málafrjöldu o.fl. ræddi Árni um útgáfu úrskurða nefndarinnar. Í lögnum segir að nefndin skuli gefa út helstu úrskurði árlega. Heimilt væri að stytta úrskurði, en tryggja yrði að úrskurðir með fordæmisgildi birtust þar. Síðan sagði Árni. „Síðustu úrskurðirnir sem gefnir hafa verið út, eru úrskurði ríkisskattanevndar á árunum 1990-1992 og kom sú útgáfa út á fyrri hluta árs 1995, niðurstaðan er því sú að allt frá stofnun yfirskattanevndar 1. júlí 1992 hefur enginn úrskurður hennar verið gefinn út með formlegum hætti. Á þeim nær sex árum, sem yfirskattanevnd hefur starfað, veit einungis annar deilduaðili hvaða úrskurðir hafa fallið. Ríkisskattstjóri, sem annar aðili málsins, fær afrit af öllum úrskurðum og heldur þeim að sjálfsögðu til haga. Þegar leitað er upplýsinga hjá yfirskattanevnd er bent á að leita upplýsinga hjá gagnaðilanum, ríkisskattstjóranum.“ Árni sagði að ein afleiðing þess að úrskurðir væru ekki birtir væri sú að menn þekktu ekki fordæmin og því bærist urmull mála til yfirskattanevndar.

Að lokum tók Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmaður, til máls. Jón Steinar fjallaði um dómsúrlausnir í skattamálum m.a. út frá því sjónarmiði hvort skattborgararnir hafi í dómsúrlausnum verið látnir njóta fullnægjandi vagnar eins og þeir eiga rétt til samkvæmt stjórnarskránni. Jón Steinar gagnrýndi sérstaklega úrskurði Hæstaréttar í skattamálum og sagði að svo virtist sem æðsti dómstóll þjóðarinnar væri miku fúsari til að dæma mönnum rétt gegn ranglátum sköttum

Framhald á síðu 14





## Gjaldfærsla aflaheimilda í reiknings- skilum



Reikningsskilanefnd FLE

Þeim tilmælum var beint til nefndarinnar að hún fjallaði um gjaldfærslu aflaheimilda í reikningsskilum útgerðarfyrirtækja.

### Umfjöllun

Alþingi samþykkti í desember lög nr. 118/1997 um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Meginefni lagabreytingarinnar er að stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er eigi heimilt að fyrna. Til stofnkostnaðar í þessu sambandi teljast meðal annars kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum. Nokkur undanfarin ár hefur verið heimilt að gjaldfæra keypta aflahlutdeild á fimm árum við gerð skattframtala, eða um 20% á ári. Í framhaldi af þessari breyttu skattalegu meðferð aflaheimilda hefur vaknað upp spurning um það hvort rétt sé að hætta gjaldfærslu þeirra í reikningsskilum útgerðarfyrirtækja.

Reikningsskilanefnd FLE sendi í janúar 1996 frá sér álitserð undir nafninu „Umfjöllun um málefni tengd reikningsskilum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja“. Í kafla 3.2, sem fjallar um aflaheimildir, segir meðal annars:

„Sú regla hefur skapast að gjaldfæra keyptar varanlegar aflaheimildir að fullu á fimm árum. Nýlega hafa vaknað spurningar um hvort sá afskriftatími sé ekki of skammur og ekki beri að lengja hann með tilliti til breyttra aðstæðna. Bent hefur verið á að ekki séu miklar líkur til þess að gerðar verði verulegar breytingar á núverandi kvótakerfi á næstu árum og í því sambandi hefur verið bent á að nógildandi lög um stjórnun fiskveiða eru ótímabundin og gilda því þangað til þeim verður breytt með lagasetningu.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða verður að telja eðlilegt að lengja afskriftatíma aflaheimilda þannig að heimilt sé að gjaldfæra þær á allt að tíu árum. Við mat á afskriftatímanum er litið til þeirrar áhættu sem fylgir því að eiga aflaheimildir m.a. með tilliti til hugsanlegra breytinga á lögum um fiskveiðistjórnun og skerðinga á kvótaúthlutunum. Einnig er litið til dreifingar á kostnaði við fjárfestingu í aflaheimildum.“

Í lögum um ársreikninga eru í 31. gr. ákvæði um gjaldfærslu ófnislegra réttinda. Þar segir að ef kostnaður vegna ófnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar sé ekki gjaldfærður strax skuli afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum. Afskriftatímamann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

Það er meginregla í reikningsskilum að ófnislegar eignir, s.s. einkaleyfi, vörumerki og aflaheimildir, eru ekki færðar til eignar nema þær hafi verið keyptar af öðrum aðilum. Eignir, þ.m.t. ófnislegar eignir, eru verðmæti sem fyrirtæki ræður yfir og orðið hafa til á grundvelli viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Í þessum verðmætum felst hæfi til að afla fyrirtækinu tekna í framtíðinni. Gjöld eru verðmæti sem fyrirtæki fórnar eða lætur af hendi við að afla tekna.

Það er skoðun nefndarinnar að kostnað við öflun aflaheimilda skuli gjaldfæra í rekstrarreikningi, þrátt fyrir að fiskistofnar í sjónum umhverfis landið séu endurnýjanleg auðlind. Stofnanir eru sameign þjóðarinnar samkvæmt lögum, en útgerðarmenn hafa fengið nýtingarréttinn, að minnsta kosti

### Frá IFAC

IFAC hefur sent frá sér nýjan ISA staðal um endurskoðunarúrtak (*e. Audit Sampling and Other Selective Testing Procedures*). Staðallinn kemur í stað ISA 530 (*e. Audit Sampling*) og tekur gildi fyrir endurskoðun ársreikninga eftir 30. júní 1999. Notkun fyrri staðals er þó heimil.

IFAC hefur gefið út nýjar siðareglur endurskoðenda, þar sem gerðar eru breytingar á eftirfarandi atriðum:

Birting trúnaðarupplýsinga (*e. Disclosure of Confidential Information*).

Undirboð (*e. Low-balling*)

Ráðning sérfræðinga utan stéttarinnar (*e. Employing Non-Accountants*)

Alþjóðanotkun (*e. National Usage*)

### Frá IASC

Gefinn hefur verið út endurbættur staðall IAS 17, Fjármögnunar- og kaupleigusamingar, (*e. Leases*).

Staðallinn tekur gildi 1. janúar 1999.



tímabundið, á grundvelli laga. Ekki er talið líklegt að þessu fyrirkomulagi verði breytt á næstu árum, en óvarlegt er að fullyrða nokkuð um það. Vegna óvissu um skipan fiskveiða hér við land í framtíðinni og þeirra reikningsskilavenja sem skapast hafa telur nefndin að ekki sé ástæða til að gera breytingar á gjaldfærslu aflaheimilda í reikningsskilum útgerðarfyrirtækja.

## Niðurstöður

Með hliðsjón af því sem fram hefur komið um málið er það álit nefndarinnar að keyptar varanlegar aflaheimildir skuli gjaldfæra á allt að tíu árum. Við mat á lengd afskriftatímans er tekið mið af þeirri áhættu sem fylgir því að eiga aflaheimildir vegna hugsanlegra breytinga á lögum um fiskveiðistjórnun, skerðinga á úthlutuðum aflakvótum og aflabrests af ástæðum sem raktar verða til breytinga í lífríki sjávar.

Það er álit nefndarinnar að ákvæði laga um skattalega meðferð aflaheimilda eigi ekki að ráða því hvernig farið er með þær í reikningsskilum. Til dæmis má benda á að sjálfsagt þykir að gjaldfæra afskriftir keyptrar viðskiptavildar við gerð reikningsskila, þó ekki sé heimilt að telja slíkar afskriftir til gjalda í skattalegu tilliti.

## Markaðsverð hlutabréfa í reikningsskilum

### Umfjöllun

Í janúar 1995 sendi Reikningsskilanefnd FLE frá sér álitgerð um „Mat á verðmæti hlutabréfa í uppgjörum hlutabréfasjóða og fjárfestingarfélagi“. Þar var fjallað um aðferðir sem til greina þóttu koma við útreikning á markaðsverði fjárfestinga í hlutabréfum. Nefndin mælti með því að viðmiðunargengi hlutabréfa í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og Opna tilboðsmarkaðinum skyldi vera vegið meðaltal viðskipta í hverju einstöku félagi síðustu tvo mánuði fyrir reikningsskiladag. Ef lokaverð eða

hagstæðasta sölutilboð í lok tímabilsins væri lægra en meðalgengið bæri að miða við það verð sem lægst væri.

Aðrir möguleikar sem taldir voru koma til greina við útreikning á markaðsverði fjárfestinga í hlutabréfum voru að miða við síðasta viðskiptaverð í hverju félagi eða að miða við lægsta sölutilboð í hlutabréf félags í lok uppgjörstímabils.

Umfang hlutabréfamarkaðar hér á landi hefur vaxið hratt undanfarin misseri og viðskiptin stórauðist. Félögum sem hafa skráð hlutabréf sín á Verðbréfaþingi Íslands hefur fjölgað úr 25 í janúar 1995 í 51 í desember 1997. Skráð þingviðskipti með hlutabréf, samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands, hafa vaxið úr 2,8 milljörðum króna árið 1995 í 13,3 milljarða króna árið 1997. Þá námu utanþingsviðskipti með hlutabréf 10,2 milljörðum króna árið 1997 og höfðu þá rúmlega tvöfaldast frá árinu áður, þegar þau voru 5,0 milljarðar króna.

Með hliðsjón af vaxandi viðskiptum með hlutabréf á skipulegum markaði hér á landi má ætla að lokaverð gefi nú í flestum tilvikum ágæta mynd af verðmæti félaga á hlutabréfamarkaði. Nefndin telur að ekki sé lengur þörf á þeirri varfærni sem fram kom í umfjöllun nefndarinnar í janúar 1995 og rétt sé að færa regluna í takt við það sem mun almennt vera tíðkað við mat á markaðsverði hlutabréfa.

## Niðurstöður

Það er álit nefndarinnar að þegar markaðsverð hlutabréfa er notað við gerð reikningsskila skuli almennt miða við lokaverð í viðskiptum á skipulegum markaði á reikningstímabilinu. Í undantekingartilvikum getur verið nauðsynlegt að víkja frá þessari reglu, s.s. þegar lokaverðið er orðið gamalt, verð í lokaviðskiptum er verulega frábrugðið öðrum viðskiptum á sama tíma eða í svipuðum tilvikum. Skal greint frá því í skýringum ef vikið er frá lokaverðinu.



## Endurskoð- endur og árið 2000 - Frá IFAC

Þrátt fyrir mikla umfjöllum um tölvuvandamál ársins 2000 hunsu margir stjórnendur fyrirtækja hugsanlegar afleiðingar. Nú hafa 11 fjármála- og tæknisamtök um víða veröld, tekið höndum saman til að koma þessu málefni inn á borð stjórnenda í viðskiptaheiminum. Vandamálið tekur til allra tölvueigenda í heiminum, hvort sem um er að ræða einkatölvur eða risatölvusamstæður stórfyrirtækja. Tímabátturinn skiptir hér öllu máli og lagt er til að miðað verði við 30. september 1998, sem þann tímamark sem menn ættu að hafa skoðað tölvubúnað sinn. Eitt ár er þá til stefnu til að gera úrbætur og prófanir. Gera þarf stjórnendum grein fyrir því að þó þetta taki nokkurn tíma og kosti töluverða fjármuni getur orðið miklu dýrara að gera ekki neitt. **I**

IFAC (*International Auditing Practices Committee*) hefur fjallað um málið og gefið út hugleiðingar um vandamálið og hvað skuli gera. Stjórnendur fyrirtækja og endurskoðendur verða að hugleiða nokkra áhættuþætti við endurskoðun ársreikninga 1997. Þar má meðal annars nefna:

- a) Kostnaður við kerfisbreytingar til að koma í veg fyrir vandamál tölvubúnaðar árið 2000.
- b) Áhrif, ef einhver, á ársreikning 1997, sérstaklega með tilliti til framtíðar
- c) Fjármálaupplýsingar, sem notaðar eru sem grunnur fyrir skýrslugerð.
- d) Missir trygginga, sérstaklega þar sem tryggingafélag tilkynnir að rekstrartryggingar taki ekki til trúflana af völdum tölvuvandamála tengdum ártalinu 2000.
- e) Áhrif, ef einhver, á mat á rekstrarhæfi, sérstaklega þar sem kostnaður við

*Framhald á síðu 14*

## Upplýsingaskylda endurskoðenda

Frá skrifstofu FLE

Samband íslenskra tryggingafélaga hefur óskað eftir að eftirfarandi verði birt í FLE-fréttum, og er ekki nema sjálfsagt að verða við því. Einnig fylgir hér með samskonar ákvæði í lögum um viðskiptabanka, sparisjóði og lánastofnanir og í lögum um verðbréfasjóði og verðbréfavíðskipti.

### Í lögum um vátryggingastarfsemi segir m.a.:

„Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að gera Vátryggingaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánnum tengslum við vitneskju um:

- a) líkleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
- b) málefni sem kunna að hafa úrslitabýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
- c) athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikningi.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Vátryggingaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.“

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, lögum um lánastofnanir, lögum um verðbréfasjóði og lögum um verðbréfavíðskipti eru í gildi eftirfarandi ákvæði.

„Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs (rekstri verðbréfasjóðs, rekstri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu) eða atriði

*Endurskoðendum  
vátryggingafélags er skylt að  
veita Vátryggingaeftirlitinu  
þær upplýsingar um  
framkvæmd og niðurstöður  
endurskoðunar er það óskar*



er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs (verðbréfasjóðs, fyrirtækis í verðbréfafjónustu) fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annara laga.

*„Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns, sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.“*

## Til félagsmanna FLE



Í lögum nr. 18 um endurskoðendur frá 17. apríl 1997, sem tóku gildi þann 1. júlí síðastliðinn segir m.a. í 10. gr.

„Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 6. mgr. 7. gr.“

Þann 5. desember 1997 var gefin út reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda. Í ákvæði til bráðabirgða segir að „eigi síðar en 31. desember 1997 skulu vátryggingaskyldir endurskoðendur afhenda fjármálaráðuneytingu staðfestingu um að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.“

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu hafa nú 114 félagsmenn sent inn staðfestingu á gildri starfsábyrgðartryggingu, eða 52% félagsmanna.

Þeir félagsmenn, sem halda vilja fullum starfsréttindum, en hafa ekki enn skilað inn staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu, eru minntir á að gera það hið allra fyrsta.

Í sömu lögum um endurskoðendur segir m.a. í 2. gr. „Þegar endurskoðandi tekur að sér þjálfun starfsmanns skv. 5. tölulið 1. mgr. skal hann tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Hann skal jafnframt ábyrgjast að nemandinn hljóti tilhlýðilega starfsþjálfun.“

Þeir endurskoðendur sem falla undir ákvæði þetta eru beðnir um að skila inn nöfnum nema í starfsþjálfun til skrifstofu FLE.



## Nýjar og gallaðar reglur um uppgjör lífeyrissjóða, framhald af blaðsíðu 2.

hættu að sjóðirnir færi of mikinn kostnað undir fjárfestingargjöld til þess að lækka kostnaðarhlutföll. Þetta á sérstaklega við þegar ávöxtun á verðbréfamarkaði hefur verið góð eins og árið 1997 en þá höfðu fjárfestingargjöldin tiltölulega lítil áhrif á ávöxtun.

Nýlega birti einn af stærri lífeyrissjóðum landsins auglýsingu í dagblöðum um afkomu sína. Sjóðurinn er einn af stærstu og öflugustu lífeyrissjóðum landsins og voru heildareignir sjóðsins 27,5 ma.kr. í árslok 1997. Heildar rekstrarkostnaður lífeyrissjóðsins árið 1997 voru 60 m.kr. eða 0,24% af meðaleignum sjóðsins. Í ársreikningi sjóðsins er kostnaðinum skipt þannig að fjárfestingargjöld eru 36 m.kr. en rekstrarkostnaður er ekki nema 24 m.kr. Af þessu leiðir að kennitalan rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum er ekki nema 0,1% eða meiri en helmingi lægri en raunverulegt kostnaðarhlutfall. Á sama hátt er rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ekki nema 2,6% en heildarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum er hins vegar 4,3%.

Í nýju reglunum eru dráttarvextir af iðgjöldum flokkaðir sem aðrar tekjur en ekki sem hluti af iðgjaldatekjum. Á sama hátt eru tapaðar iðgjaldakröfur færðar sem önnur gjöld en ekki til lækkunar á iðgjaldatekjum. Samkvæmt reglunum skulu lífeyrissjóðir draga aðrar tekjur frá rekstrarkostnaði og bæta við öðrum gjöldum til þess að reikna út kostnað sem hlutfall af eignum eða iðgjöldum. Þetta þýðir m.ö.o. að skv. kennitölunum lækkar rekstrarkostnaðurinn eftir því sem greiddir dráttarvextir af vangoldnum iðgjöldum aukast og rekstrarkostnaðurinn eykst þegar iðgjaldakröfur tapast. Svo kastljósinu sé aftur beint að fyrrnefndum lífeyrissjóði þá voru aðrar tekjur sjóðsins tæpar 24 m.kr. og önnur gjöld 18 m.kr. þannig að 6 m.kr. eru dregnar frá rekstrarkostnaði áður en kennitalan rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum er reiknuð.

## Örorkumat: Kostnaður eða hluti af lífeyrisgreiðslum?

En það eru fleiri atriði í hinum nýju reglum sem eru umhugsunarverð varðandi meðferð á kostnaði lífeyrissjóða. Stór liður í starfsemi þeirra er að verja sjóðfélaganna fyrir tekjumissi vegna örorku og er ekki lítið gert úr því. Einn liður í starfseminni er að meta örorku sjóðfélaga, þ.e. að meta hvort þeir eiga rétt á örorkubótum og hversu miklum bótum þeir eiga rétt á að fá. Há stærri lífeyrissjóðum hefur þetta verið drjúgur kostnaður undanfarin ár enda er erfitt að meta örorku.

Í nýju reglum telst örorkumat ekki lengur sem kostnaður heldur sem hluti af lífeyrisgreiðslum. Rökin eru væntanlega þau að mat á örorku hefur lítið með rekstur sjóðanna að gera og eru utan áhrifasviðs stjórnenda sjóðanna. Undirritaður getur ekki fallist á þessi sjónarmið enda er greiðsla örorkulífeyris hluti af starfsemi sjóðanna og örorkumat því eðlilegur kostnaður. Stærri og hagkvæmari lífeyrissjóðir geta náð fram hagræðingu hér eins og annars staðar og ættu að njóta þess með lægri kostnaðarhlutföllum. Með því að telja þau vera hluta af lífeyrisgreiðslum geta minni og óhagkvæmari sjóðir komist hjá því að telja þennan kostnað sem hluta af rekstrarkostnaði þeirra.

## Húsnæði til eigin nota og ávöxtun í leiðinni

Þá má gagnrýna ákvæði í reglum bankaeftirlitsins um reiknaðar leigutekjur af eigin húsnæði. Samkvæmt því er lífeyrissjóðunum heimilt að reikna leigutekjur af húseignum sem sjóðirnir eiga og nota fyrir eigin starfsemi og færa með fjármunatekjum. Jafnframt skulu þeir draga frá allan kostnað við rekstur fasteignanna nema vexti sem skulu færast meðal vaxtagjalda. Reiknaðar leigutekjur færast sem fjármunatekjur en á móti sem rekstrarkostnaður. Með þessu hækkar raunávöxtun fyrir kostnað en að sama skapi hækkar rekstrarkostnaður. Áhrif þessarar millifærslu á rekstrarkostnað er mismunurinn á reiknuðum leigutekjum og raunverulegum húsnæðiskostnaði. Hrein raunávöxtun breytist ekki.

*Í nýju reglunum eru dráttarvextir af iðgjöldum flokkaðir sem aðrar tekjur en ekki sem hluti af iðgjaldatekjum*

*Í nýju reglunum telst örorkumat ekki lengur sem kostnaður heldur sem hluti af lífeyrisgreiðslum*



*Það er í raun alveg með ólíkindum að reglur með slíkum ágöllum skuli vera samdar og gefnar út af bankaeftirliti Seðlabankans*

Rökin fyrir þessari aðferð eru hugsanlega þau að fasteignakaup eigi ekki að hafa áhrif á ávöxtun sjóðanna. Ég get ekki tekið undir þetta og tel að með því að kaupa fasteign til eigin nota minnki fjármunir til ávöxtunar en að sama skapi ætti rekstrarkostnaður að lækka svo lengi sem það er ódýrara að vera í eigin húsnæði en að leigja. Það kann vel að vera að það sé hagstæðara fyrir lífeyrissjóði að eiga skrifstofuhúsnæði í stað þess að leigja en það getur líka verið öfugt. Þetta verður hver og einn sjóður að meta en það hvetur sjóðina vissulega til að kaupa húsnæði ef þeir mega reikna leigutekjur og færa sem fjármunatekjur og þeir þurfa ekki að telja húsnæðiskostnað til rekstrarkostnaðar. Þessi aðferð býður einnig heim þeirri hættu að raunverulegur kostnaður við rekstur fasteignar komi ekki fram ef reiknaðar leigutekjur eru lægri en kostnaðurinn t.d. vegna mikils viðhalds einstök ár.

## Reglurnar verður að laga

Í þessari grein hef ég talið upp nokkur atriði í nýjum reglum um uppgjör lífeyrissjóða sem þyrfti að endurskoða við fyrsta tækifæri. Það er í raun alveg með ólíkindum að reglur með slíkum ágöllum skuli vera samdar og gefnar út af bankaeftirliti Seðlabankans. Sú spurning vaknar hver hafi verið tilgangurinn með þessum reglum? Ef reglurnar voru samdar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi þarf að laga þær strax því annars ná þær ekki tilgangi sínum.

## **Opið málþing FLE og LMFÍ, framhald af blaðsíðu 8.**

Þegar það skipti litlu máli fjárhagslega. Í tilvikum þar sem fleiri krónur kæmu við sögu væri hins vegar illmögulegt að fá réttinn til að dæma gegn ríkisvaldinu, jafnvel þótt brotin gegn meginreglum um skattlagningu kynnu að vera augljósari en í litlu málunum. „Það er engu líkara en dómaramir hætti að vera hlutlausir dómara og taki til við einhvers konar erindisrekstur í þágu ríkisvalds þegar um skattamál ræðir.“

Í kjölfar málþingsins urðu enn meiri umræður um skattamál í fjölmiðlum landsins. Fjármálaráðuneytið hefur nú nýverið skipað nefnd sem vinna á að athugun á ýmsum þáttum skattamála. Tekur starfið til málefna yfirskattaneftindar, forúrskurða, skipulags skattumdæma o.fl. Í nefndinni sitja Ólafur Nilsson, Baldur Guðlaugsson, Garðar Valdimarsson og Indriði H. Þorláksson. Ritari nefndarinnar er Ragnheiður Snorradóttir.

## **Endurskoðendur og árið 2000, framhald af blaðsíðu 11.**

kerfisbreytingar er hár og fyrirtækið virðist ekki hafa bolmagn til að gera þær.

## **Hvað þurfa endurskoðendur að gera?**

Ákvarða þarf mikilvægi vandamálsins vegna ártalsins 2000. Ræða þarf við stjórn fyrirtækisins hvort vandamálið vofi yfir eða ekki. Sé svo ekki, er ekki frekari aðgerða þörf. Sé raunin önnur þarf að taka önnur atriði til skoðunar. Þar má meðal annars nefna að afla frekari upplýsinga um vandamálið sjálft, afla upplýsinga um áætlanir stjórnar til að koma í veg fyrir vandamálið og að gera stjórnendum grein fyrir því að búast megi við meiriháttar truflunum á starfsemi fyrirtækisins verði ekkert að gert,

Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum geta skoðað á veraldarvefnum, eftirfarandi netföng:e

<http://www.aicpa.org/news/p110697a.htm>

<http://www.taskforce2000.co.uk>

<http://www.cica.ca.new.index.htm>



# Nýir félagar 1996 og 1997

## Löggilding 1996



Anna Skúladóttir  
Reykjavíkurborg



Ása Karlsdóttir  
Eimskip



Gunnar Þór Ásgeirsson  
Stoð - endurskoðun hf.



Hrefna Gunnarsdóttir  
GRM endurskoðun ehf.



Ingvar Garðarsson  
C&L Hagvangur hf.



Páll Grétar Steingrímsson  
Endurskoðun D&T



Sigurður M. Jónsson  
Endurskoðunarstofan  
Skólavörðustíg 12



Steingrímur Sigfússon  
KPMG Endurskoðun hf.



Vignir Rafn Gíslason  
Bókhald og rágjöf, C&L

Frá því að Álit kom út síðast, eða í byrjun árs 1996, hafa ekki birst myndir af nýjum félögum FLE. Úr því verður bætt hér og nú.

## Löggilding 1997



Brynja Pétursdóttir  
SH



Hafdís Böðvarsdóttir  
KPMG Endurskoðun hf.



Kristín S. Konráðsdóttir  
E.B.E.Á.



Sigríður Helga Sveinsdóttir  
KPMG Endurskoðun hf.



## Til hamingju með afmælið!

75 ára <b>Gunnar Zöega</b>		07.03.1998
50 ára <b>Sveinn Arason</b>	Ríkisendurskoðun	20.04.1998
35 ára <b>Konráð Konráðsson</b>	KPMG Endurskoðun hf.	19.02.1998

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Óhætt er að segja að málþing FLE og LMFÍ hafi vakið mikla athygli landsmanna. Eins og fram kemur í grein um málþingið hefur nú verið sett á laggirnar nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins, sem taka á til umfjöllunar ýmis atriði er lúta að framkvæmd skattlagningar. Segja má að þar með hafi tilganginum með málþinginu varið náð, það er að vekja slíka athygli á málefnum að nauðsynlegt hafi þótt af hálfu yfirvalda að setja í gang athugun á hverju má breyta svo betur fari. Mikilvægt er þó að fylgja þessu eftir til loka, og er þess vænst að störf nefndarinnar muni leiða til jákvæðra breytinga í skattamálum.

FLE fréttir koma nú út í fyrsta sinn á árinu í nýrri mynd sem fyrirhugað sem fyrirhugað er að verði a.m.k. þetta árið. Nú hefur enn stærra skref verið tekið varðandi útlit fréttabréfsins og er það von mín að breytingin mælist

vel fyrir hjá félagsmönnum. Undirrituð vill hvetja sérstaklega félagsmenn FLE til að senda inn greinar um þau málefni sem þeir vilja tjá sig um og einnig að senda inn hugmyndir um annað efni blaðsins. Netfang skrifstofu FLE er fle@islandia.is, sími 568-8118 og myndsendisnúmer 568-8139. Sem stendur er fréttabréfinu einungis dreift til félagsmanna auk þess sem skattstofum landsins eru send eintök. Ætlunin er þó að auka útbreiðslu svo að þeir félagsmenn sem þess óska geta sent til skrifstofu FLE lista yfir þá sem þeir vilja að fái fréttabréfið sent.

Á þessum annars mesta annatíma endurskoðenda vil ég að lokum óska ykkur góðs gengis og minni á að líta öðru hvoru upp frá skrifborðinu því engum er hollt að loka sig inni allan sólarhringinn.

Ásta H. Bragadóttir

## Í tilefni mánaðarins

*Vinnan göfgar manninn*

Frjálst er að nota efni blaðsins að hluta til eða í heild ef heimildar er getið.